

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðalefni frumvarpsins kemur fram í þremur fyrstu greinum þess. Önnur atriði eru minni háttar og skipta í rauninni ekki miklu máli, þegar litið er á málið sem heild.

Í 1. gr. segir að ekki skuli greiða nema hálfar verðbætur á laun það sem eftir er ársins og er þar um meginreglu að ræða.

Í 2. gr. segir hins vegar að verðlagsbætur skuli þó aldrei verða lægri en sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem verðbótavísitala og verðbótaauki hækka um. Með ákvæði þeirrar greinar er nokkuð dregið úr niðurskurði á verðbóta-greiðslum á allra lægstu laun.

Í 3. gr. frv. er svo fyrir mælt, að frá 1. janúar 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótageiðslur á laun. Ákvæði þessarar greinar gera með öðrum orðum ráð fyrir því, að eftir 1. janúar 1979 skuli hækkanir á söluskatti, tollum, vörugjaldi, bensínskatti og öðrum hliðstæðum sköttum ekki bættar í laun-um eins og aðrar verðlagshækkanir.

Samkvæmt ákvæðum þessara þriggja greina ætlar ríkisstjórnin sér að rifta öllum kjarasamningum, sem gerðir voru á s.l. ári.

Kjarasamningar verkalýðsfélaganna voru gerðir 22. júní s.l., eða fyrir um 7 mánuðum. Kjarasamningar BSRB eru rétt líðlega þriggja mánaða gamlir. Síðan þessir samningar voru gerðir hefur ekkert óvænt komið fyrir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Tölur, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðarbúsins á árinu, sýna þvert á móti að þjóðarframleiðsla hefur orðið meiri en ráðgert var um það leyti sem samningar voru gerðir og þjóðartekjur hafa hækkað um 7—8% í stað um 5% sem áætlað hafði verið. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að ætla að rifta kjarasamningunum er því með öllu óafsakanleg.

Það er vissulega alvarlegt mál, að ríkisstjórn, sem sjálf gerir bindandi launa-samninga og lætur fjármálaráðherra sinn skrifa hátíðlega undir launa- og kjarasamninga, skuli eftir aðeins þrjá mánuði leyfa sér að svíkja slíka samninga. Þannig hefur núv. ríkisstjórn staðið að samningsgerð við BSRB, og þannig ætlar hún nú að hlaupa frá þeim samningum.

Ríkisstjórnin ber einnig fulla samábyrgð ásamt með vinnuveitendum á samningunum við verkalýðsfélögin frá því í júní s.l. Hún var með afskiptum sínum af þeim samningum aðili að samkomulagsgerðinni. Þá samninga ætlar hún einnig að svíkja.

Lækkun verðlagsbóta á laun um helming, eins og að er stefnt með frumvarpinu, mun nema 10—12% lækkun á kaupmætti launa frá því sem hann hefur verið í upphafi þessa árs. Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar mun meðalverðhækkun á milli árána 1977 og 1978 nema 36—37%. Ljóst er því, að við slíkar aðstæður er ekki gott að búa með aðeins hálfar verðlagsbætur á laun. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar munu ekki breyta miklu í verðlagsmálum — dýrtíðin verður síst minni en áður. Þær munu á hinn bóginn, ef þær fá að standa, draga lífskjör vinnandi fólks niður. Stefnan er sem sagt sú sama og áður, að ætla að leysa allan vanda á kostnað launafólks.

Aðrar hliðarráðstafanir, sem frv. fjallar um, breyta litlu um stöðuna í efnahagsmálum. Ákvæði eins og um lækkun vörugjalds úr 18% í 16%, á sama tíma og verð á innfluttum vörum hækkar í kjölfar gengislækkunar um 15%, hefur að sjálfsögðu ekki áhrif til verðlækkunar. Aukin niðurgreiðsla um 1300 milljónir króna er að visu til bóta, en segir lítið í almennu verðhækkunarflóði.

Af þessu frumvarpi er ljóst, að ríkisstjórnin hefur ekki valið neina þá leið til ráðstafana í efnahagsmálum, sem fram komu hugmyndir um í verðbólgunefnd. Leið ríkisstjórnarinnar er í rauninni ekki um neitt annað en að lækka umsamið kaup launafólks og ógilda þar með nýlega gerða kjarasamninga. Sú leið hefur þegar mætt hörðum mótmælum samtaka launafólks og m. a. leitt til þess, að miðstjórn Alþýðusambandsins hefur skorað á sambandsfélög sín að segja upp öllum launasamningum hið fyrsta.

Við erum andvígir þessu frumvarpi og bendum um leið á afstöðu okkar í verðbólgunefnd og þær tillögur um ráðstafanir til verðlagslækkunar sem við stóðum þar að. Þær tillögur eru prentaðar með þessu nefndarálit.

Alþingi, 13. febr. 1978.

Lúðvík Jósepsson, Gylfi Þ. Gíslason.
frsm.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 8. febrúar 1978.

SAMEIGINLEGT ÁLIT FULLTRÚA ASÍ, BSRB OG FULLTRÚA ÞRIGGJA FLOKKA Í VERÐBÓLGUNEFND.

Í þeim tillögum, sem nefndarformaður hefur lagt fram í verðbólgunefnd, er gert ráð fyrir beinni riftun kjarasamninga og verulegri almennri kjaraskerðingu. Við undirritaðir 5 nefndarmenn: Ásmundur Stefánsson, fulltrú ASÍ, Gylfi Þ. Gíslason, fulltrúi þingflokks Alþýðuflokksins, Karvel Pálmason, fulltrúi þingflokks Frjálslyndra og vinstri manna, Kristján Thorlacius, fulltrúi BSRB, og Lúðvík Jósepsson, fulltrúi þingflokks Alþýðubandalagsins, lýsum okkur andvíga slíkum aðgerðum og teljum okkur ekki fært að standa að nefndarálitinu.

Frá undirskrift samninga ASÍ-félaganna og atvinnurekenda eru nú einungis liðnir rúmí 7 mánuðir og rétt rúmlega 3 mánuðir frá undirskrift aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra. Í þessu sambandi má minna á, að í haustspá Þjóðhagsstofnunar og yfirliti stofnunarinnar um þróun og horfur efnahagsmála í janúarlok á þessu ári er aukning þjóðartekna talin rúmlega 7% árið 1977, en Þjóðhagsstofnun spáði um 5% í áætlun sinni sl. vor. Sá rammi, sem stjórnvöld hafa miðað við, hefur þannig reynst rýmri en áður var gert ráð fyrir. Sú ríkisstjórn, sem sjálf hefur undirritað kjarasamninga fyrir þrem mánuðum og afgreitt fjárlög fyrir rúmum mánuði, stefnir nú að riftun samninga.

Stefna verður að samfelldum aðgerðum, sem miða að endurskipulagningu efnahagslífsins, þannig að markmiðunum stöðugu verðlagi, vaxandi kaupmætti og fullri atvinnu sé náð til lengri tíma. Því er brýnt að þær aðgerðir, sem nú verður gripið til, torveldi ekki frambúðarlausn þessara mála, eins og fram lagðar tillögur gera ráð fyrir. Það er skoðun okkar, að þann vanda, sem við er að etja, megi leysa án þess að rifta samningum eða skerða almenn launakjör. Þá ber að ítreka, að grundvallarforsenda þess að sú viðtæka samstaða, sem nauðsynleg er, ef lausnin á að koma að varanlegu gagni, er fyrir fram rofin með aðgerðum af því tagi, sem nú er boðað.

Það er algjört grundvallaratriði að samningar, sem varða kaup og kjör, séu haldnir eins og aðrar fjárskuldbindingar í þjóðfélaginu. Um leið og við leggjum fram meðfylgjandi verðlækkunartillögu, leggjum við áherslu á að unnið verði að því m. a. að jafna sveiflurnar í efnahagslífinu, koma skipulagi á fjárfestingarmálin, hrinda fram

úrþótum í skipan fjármála ríkis og sveitarfélaga og bæta fyrirkomulag verðlags-
eftirlitsins. Skammtímalausnin verður að leggja grunn að langtímalausn. Sú tillaga,
sem við leggjum hér fram, stefnir að því að hægja á verðbólgunni, án þess að til
atvinnuleysis þurfi að koma, þótt ljóst sé að hér er ekki um að ræða nema skref í
átt að lausn málsins til frambúðar.

VERÐLÆKKUNARLEIÐ

Fjáröflun:

1. 10% hækkun á skatti félaga auk 5% skyldusparnaðar	900 m. kr.
2. Veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjöld	4300 m. kr.
3. Lækkun rekstursgjalda ríkisins	1500 m. kr.
4. Útflutningsuppbætur, sem færast á niðurgreiðslur	1000 m. kr.
5. Áhrif aðgerðanna á ríkissjóð	2000 m. kr.
6. Hækkun tekna ríkisins v/betri innheimtu söluskatts	} 1000 m. kr.
v/breyt. á tekjusk.	
7. Sala spariskírteina	2000 m. kr.
<hr/> Alls 12 700 m. kr.	

Ráðstöfun:

1. Vörugjald fellur niður	6800 m. kr.
2. Niðurgreiðslur auknar	3200 m. kr.
3. Leiðrétting á forsendum fjárlaga (en skv. upplýsingum Þjóð- hagsstofnunar er óhjákvæmilegt að afla þessara tekna, þar sem fjárlagaforsendur hafa reynst rangar)	2100 m. kr.
<hr/> Alls 12 100 m. kr.	

Auk þessara fjárlagaaðgerða verði verslunarálagning lækkuð um 10%, þannig
að áhrif verðlækkunaraðgerðanna á framfærsluvísitöluna verði sem hér segir:

Lækkun verslunarálagningar	1½%
Auknar niðurgreiðslur	3%
Niðurfelling vörugjalds	2½%
Lækkun alls	7%

Samkomulag 5 fulltrúa í verðbólgunefnd er þannig byggt á því grundvallar-
atriði að ekki verði hróflað við kjarasamningum, full atvinna haldist og dregið
verði úr verðbólgu með verðlækkunaraðgerðum.

Um hinn sérstaka vanda útflutningsatvinnuveganna gerum við ekki tillögur
hér, þar sem ljóst er að gengislækkun er þegar ákveðin. Sú ákvörðun knýr enn
á um að gengið sé til verðlækkunaraðgerða af því tagi, sem hér er gerð tillaga um.

Ásmundur Stefánsson. Gylfi Þ. Gíslason. Karvel Pálmason.
Kristján Thorlacius. Lúðvík Jósepsson.

Við, sem erum fulltrúar ASÍ og BSRB, tökum fram, að samtök okkar eru reiðu-
húin að eiga viðræður við ríkisstjórnina á grundvelli þessara tillagna.

Ásmundur Stefánsson. Kristján Thorlacius.

Gylfi Þ. Gíslason, tekur eftirfarandi fram:

Ég er í meginatriðum sammála þeim hugmyndum, sem settar eru fram í 4. og 5. kafla skýrslunnar varðandi umbætur í stjórn efnahagsmála og skipulegt samráð aðilanna á vinnumarkaðinum og stjórnvalda, sem stuðlað gæti að varanlegum árangri í viðureigninni við verðbólguna.

Varðandi hugmyndir þær, sem settar eru fram í 3. kafla um efnahagsráðstafanir nú, er ég aðili að framangreindum tillögum, og tel ríkisstjórnina eiga þegar í stað að taka upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins og bændasamtakanna á þeim grundvelli.

Ef ekki næst samstaða um þessar ráðstafanir, en í ljós kæmi, að ríkisstjórnin vildi virða gerða kjarasamninga, m. a. með því að draga úr rekstrarútgjöldum ríkisins og opinberum framkvæmdum, eins og gert er ráð fyrir í dæmi 2 í 3. kafla, og ef bændasamtökin gætu ekki fallist á lækkun útflutningsbóta, mæli ég með því, að framkvæmdar verði þær aðgerðir, sem felast í dæmi 2, með þeirri breytingu, að í stað tekjuskattshækkunar og útsvarshækkunar komi heimild til sveitarfélaga til þess að hækka aðstöðugjald á atvinnurekstur, enda gætu þau dregið úr framkvæmdum sínum, ef þau telja hækkun aðstöðugjaldanna varhugaverða.

Gylfi Þ. Gíslason.

Til viðbótar þeim yfirlýsingum og tillögum, sem ég stend að, ásamt fjórum öðrum nefndarmönnum í verðbólgunefnd, vil ég taka fram eftirfarandi:

Ein af meginorsökum hinnar hröðu verðbólguaukningar á síðari árum er, að mínum dómi, óhagkvæm og skipulagslaus fjárfesting á vegum hins opinbera og annarra aðila í þjóðfélaginu. Þessari öru fjárfestingu hefur fylgt óhófleg og stórvarasöm skuldasöfnun erlendis.

Ég tel að jafnframt því sem gerðar eru ráðstafanir til lagfæringar á skipulagi fjárfestingarmála til lengri tíma, sé rétt að hefjast handa þegar á þessu ári og hægja nokkuð á fjárfestingu, sem unnt er að fresta, jafnvel þó þörf sé.

Kristján Thorlacius.